



- Ályktun um ESB og evru -

Þing Starfsgreinasambands Íslands telur mikilvægt að kannað verði hvort aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru þjóni hagsmunum Íslands. Það þarf að skilgreina kostina og gallana og gefa fólki tækifæri til að átta sig á því hvað muni breytast við mögulega inngöngu. Það verður að vera verkefni ríkisstjórnarinnar á yfirstandandi kjörtímabili.

Greinargerð

Innganga í Evrópusambandið og upptaka evru er stærra mál en svo að það leysi skammtímaóróleika og ójafnvægi í efnahagslífinu. Ákvörðun um slíkt verður að ráðast af mati á því hvernig hagsmunum okkar er best borgið til lengri tíma.

Innganga í Evrópusambandið og upptaka evru hefði í för með sér margþættan ávinning en í því felst einnig óvissa. Meira er vitað um ávinninginn af ESB-aðild en um mögulegar neikvæðar afleiðingar hennar eins og þeim að tryggja sérhagsmuni Íslands og afleiðingum af óagaðri hagstjórn.

Ávinningurinn af ESB-aðild fælist m.a. í aðkomu að ákvarðanatöku um það laga og regluverk sem við höfum þegar skuldbundið okkur til að innleiða með EES samningnum, án þess að geta komið sjónarmiðum okkar að, svo fullnægjandi sé. Gildissvið ESS-samningsins vegna vinnuþarfa- og félagsmála hefur verið takmarkað af íslenskum stjórnvöldum, svo sem um málefni fatlaðra, málefni minnihlutahópa, Lissabon-ferlið í starfsmenntamálum og samtenging efnahags-, félags- og atvinnumála. Aðild að ESB myndi jafnframt hafa í för með sér að Ísland yrði aðili að samstarfi um landbúnaðar- og byggðamál og verslun með landbúnaðarvörur yrði frjálst innan samstarfsins. Helstu hættur snúa að landbúnaðar- og fiskveiðistefnu sambandsins en ljóst er að Ísland þyrfti að tryggja sérhagsmuni sína í aðildarviðræðum ef að aðild á að geta orðið.

Ávinningurinn af upptöku evru væri ef vel tækist til, aukin efnahagslegur stöðugleiki, lægra vöruverð, lægri vextir og minni viðskiptakostnaður. Helstu hættur fælust í því að Ísland myndi með upptöku evru afsala sér sjálfstæðri stjórn peningamála. Við slíkar aðstæður gæti kreppa samhliða mistökum í hagstjórn leitt til mikils og þráláts atvinnuleysis og í uppsveiflu gæti þensla og verðbólga orðið enn meiri en ella.